



VESTFIRÐIR

NORÐURLAND

ÍSLENSKAR  
MATARKRÁSIR

FERÐAÞJÓNUSTA  
BÆNDA

# ÍSLANDSPERLUR

FERÐASÝNING Í PERLUNNI 1.- 2. MAÍ 2010 - KL. 10-17



BEINT FRÁ BÝLI



VESTURLAND

AUSTURLAND



FERÐUMST UM  
LANDIÐ OKKAR  
Í SUMAR

HÖFUÐBORGARSVÆÐI



Að sýningunni standa markaðsstofur landshlutanna í ferðaþjónustu, Ferðaþjónusta bænda, Opinn landbúnaður og Beint frá býli.

Á sýningunni verður gestum boðið að ganga hringinn í kringum landið og fá smjörþefinn af því besta sem ferðalöngum stendur til boða í sumar.

Hvort sem þú hefur áhuga á fugla-, sela-, eða hvalaskoðun, gönguferðum um fjall eða fjöru, heimsækja söfn og sýningar, njóta menningar og lista, stunda golf, skíði eða heilsulindir, eða heimsækja blómlega bæi þá finnurðu örugglega eitthvað sem heillar þig!

Á einum stað gefst fólki tækifæri á að kynna sér fjölbreytta ferðamöguleika á Íslandi, skoða, spjalla og spyrja, bragða á íslenskum krásum og njóta fjölbreyttra uppákoma:

- fara í stuttan útreiðartúr, dást að kiðlingum, andarungum, uppstoppuðum ísbirni og hreindýri,

- fylgjast með gjósandi eldfjalli, handfjatla splunkunýtt hraun og uppgötva leyndardóma kúluskíts og óskasteina,

- skoða lítinn burstabæ, bala með skeljum og ílát með lifandi sjávardýrum,

- kynnast ævintýrum Sögu og álfastráksins Jökuls, sjá tröllshöfuð í fullri stærð, hlusta á tröllasögur og frásagnir af skessunni í hellinum, virða fyrir sér álfsnef, máta vikingaklæði og kynnst leikjum víkinga fyrr á öldum, eða ímynda sér drekkann, Lagarfljótsorminn og persónur úr Hrafnkelssögu,

- taka þátt í SMS ratleik, njóta leiðsagnar um Öskjuhlíð, bæta við lengsta trefil í heimi, öðlast innsýn í framtíðina frá spákonu og njóta ýmissa tónlistaratriða.

Hlökkum til að sjá þig! Ísland sækjum það heim!

SUÐURNES

OPINN  
LANDBÚNAÐUR

AÐGANGUR  
ÓKEYPIS

SUÐURLAND

